



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson veitir í kvöld, miðvikudaginn 30. maí, Íslensku menntaverðlaunin í þriðja sinn. Athöfnin verður í Ingunnarskóla í Reykjavík og hefst dagskráin kl. 19:00.

Íslensku menntaverðlaunin, sem einkum eru bundin við grunnskólastarfið, verða veitt í fjórum flokkum:

1. Skóla sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
2. Kennara sem skilað hefur merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr
3. Ungum kennara sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi.

Öllum sem starfa á vettvangi grunnskóla og láta sig skólamál miklu varða, kennurum, nemendum, foreldrafélögum, skólum og öllum almenningi var boðið að tilnefna þá sem þeir töldu verðuga verðlaunahafa.

Tvær dómnefndir hafa starfað í aðdraganda verðlaunaveitingarinnar. Í þeirri dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki, þ.e. skóla og námsefni, sátu:

- Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.
- Jóhanna Kristjánsdóttir, fyrrverandi skólastjóri.
- Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur á skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri.
- Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæ.
- Trausti Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri og starfsmaður Háskólans á Akureyri.

Í dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í öðrum og þriðja flokki, þ.e. kennara, sátu:

- Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju.
- Haukur Helgason, fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði.
- Svanhildur Kaaber, skrifstofustjóri á skrifstofu rektors Kennaraháskóla Íslands.
- Ólína Jónsdóttir, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri Grundaskóla Akranesi.

- Haraldur Finnsson, fyrrverandi skólastjóri Réttarholtsskóla.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Þar verða einnig meðal gesta kennarar, nemendur, áhugafólk um skólastarf og forystufólk á vettvangi kennara- og uppeldismenntunar í landinu.

30. maí 2007

Nánar upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Ragna Þórhallsdóttir (861 2596) og Guðbrandur Stígur Ágústsson verkefnisstjóri Íslensku menntaverðlaunanna (862 8049).